

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 253/2023**

**frá 27. október 2023**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1163 frá 14. júní 2023 um leyfi fyrir L-lýsínmonóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 17927, sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1167 frá 15. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 146250, sem fóðuruakefni fyrir allar alifuglategundir og öll svín (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1168 frá 15. júní 2023 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/996 um leyfi fyrir blöndu af karv akróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps (leyfishafi er Biomin GmbH) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1169 frá 15. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, endó-1,4-betaglúkanasa og xýlóglúkansértækum endó-beta-1,4-glúkanasa, sem eru framleiddir með *Trichoderma citrinoviride* DSM 33578, sem fóðuruakefni fyrir alifugla til eldis, alifugla sem eru aldir til varps og til undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er Huvepharma EOOD) <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1170 frá 15. júní 2023 um leyfi

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 154, 15.6.2023, bls. 41.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 6.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 11.

fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem fóðurukefni fyrir mjólkurkúr, eldisnautgripi, aukategundir eldisjörturdýra og dýr af úlfaldaætt til eldis (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi hans er Lallemand SAS) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1200/2005 <sup>(5)</sup>.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1171 frá 15. júní 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2018/982 og (ESB) 2021/2097 að því er varðar að nota saman blöndu með bensósýru, kalsíumformati og fúmarsýru og önnur aukefni sem innihalda bensósýru, maurusýru og fúmarsýru og gjafa þeirra eða sölt þeirra (leyfishafi er Novus Europe NV) <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1172 frá 15. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með lasalósíð-A-natríumi (Avatec 150 G) sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, um synjun um leyfi fyrir blöndu með lasalósíð-A-natríumi (Avatec 150 G) sem fóðurukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, töku blöndu með lasalósíð-A-natríumi (Avatec 15% cc) af markaði sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1455/2004 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/932 (leyfishafi er Zoetis Belgium S.A.) <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1173 frá 15. júní 2023 um að taka tiltekin fóðurukefni af markaði, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1810/2005 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1453/2004, (EB) nr. 2148/2004 og (EB) nr. 943/2005 <sup>(8)</sup>.
- 9) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1170 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 <sup>(9)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 10) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1172 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1455/2004 <sup>(10)</sup> og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/932 <sup>(11)</sup>, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott samkvæmt samningnum.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 15.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 19.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 22.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 28.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 14.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 204, 10.6.2021, bls. 13.

- 11) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1173 fellir úr gildi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 <sup>(12)</sup>, (EB) nr. 2148/2004 <sup>(13)</sup> og (EB) nr. 943/2005 <sup>(14)</sup>, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott samkvæmt samningnum.
- 12) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 13) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

#### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

##### *I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zzq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1810/2005):  
„– **32023 R 1173**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1173 frá 15. júní 2023 (Stjtið. ESB L 155, 16.6. 2023, bls. 28).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 260. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/982):  
„– **32023 R 1171**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1171 frá 15. júní 2023 (Stjtið. ESB L 155, 16.6. 2023, bls. 19).“
3. Eftirfarandi er bætt við 326. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/996):  
„, breytt með:  
– **32023 R 1168**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1168 frá 15. júní 2023 (Stjtið. ESB L 155, 16.6. 2023, bls. 9).“
4. Eftirfarandi er bætt við 432. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2097):  
„, breytt með:  
– **32023 R 1171**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1171 frá 15. júní 2023 (Stjtið. ESB L 155, 16.6. 2023, bls. 19).“

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 3.

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24.

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB L 159, 22.6.2005, bls. 6.

5. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 498 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/263):

- „499. **32023 R 1163**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1163 frá 14. júní 2023 um leyfi fyrir L-lýsínmonóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 17927, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 154, 15.6.2023, bls. 41),
500. **32023 R 1167**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1167 frá 15. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 146250, sem fóðurukefni fyrir allar alifuglategundir og öll svín (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) (Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 6),
501. **32023 R 1169**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1169 frá 15. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, endó-1,4-betaglúkanasa og xýlóglúkansértækum endó-beta-1,4-glúkanasa, sem eru framleiddir með *Trichoderma citrinoviride* DSM 33578, sem fóðurukefni fyrir alifugla til eldis, alifugla sem eru aldir til varps og til undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er Huvepharma EOOD) (Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 11),
502. **32023 R 1170**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1170 frá 15. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem fóðurukefni fyrir mjólkurkúr, eldisnautgripi, aukategundir eldisjörturdýra og dýr af úlfaldaætt til eldis (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi hans er Lallemand SAS) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1200/2005 (Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 15),
503. **32023 R 1172**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1172 frá 15. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með lasalósíð-A-natríumi (Avatec 150 G) sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, um synjun um leyfi fyrir blöndu með lasalósíð-A-natríumi (Avatec 150 G) sem fóðurukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, töku blöndu með lasalósíð-A-natríumi (Avatec 15% cc) af markaði sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1455/2004 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/932 (leyfishafi er Zoetis Belgium S.A.) (Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 22),
504. **32023 R 1173**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1173 frá 15. júní 2023 um að taka tiltekin fóðurukefni af

markaði, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1810/2005 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1453/2004, (EB) nr. 2148/2004 og (EB) nr. 943/2005 (Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 28).“

6. Texti liðar 1zw (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004), liðar 1zza (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1455/2004), liðar 1zze (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004), liðar 1zzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005), liðar 1zzm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005) og 412. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/932) fellur brott.

*2. gr.*

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/1163, (ESB) 2023/1167, (ESB) 2023/1168, (ESB) 2023/1169, (ESB) 2023/1170, (ESB) 2023/1171, (ESB) 2023/1172 og (ESB) 2023/1173, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.